

ÆTTLEIÐING

Fyrsti hluti 1. tölublaðs árgangsins 2009.

Heimkoman, undirbúningur
þinn og barnsins

Þegar á móti blæs

Yfirlit skemmtinefnda

Örlítið um Indland,
Kólumbíu, Kína og Nepal

Rannsókn um ættleidd börn
ert þú búinn að svara?



Tímarit Í.Æ. er gefið út af Íslenskri Ættleiðingu og er að öllu leiti unni í sjálfbærni af einstaklingum í félaginu.

Í. Æ. í Austurver

Miðvikudaginn 22. júlí flytur starfsemi félagsins
í Austurver við Háleitisbraut

Tímarit Í.Æ.

Ritstjórn.

Ritnefnd

Dreifing

Tímaritinu er dreift í Pdf formi í hlutum fram eftir ári til félagsmanna. Áætlað er að ritið verði prentað í árslok.

Höfundar

efnis eru tilgreindir inni í ritinu en ljósmyndir eru eftir ýmsa félagsmenn og Sönju Gjenero, Tim Rolf, Mehmet Goren og eru allar birtar með heimild höfunda.

Útlit

umbrot og hönnun
Hörður Svavarsson og ritnefnd

Ábyrgð

Hörður Svavarsson

Skrifstofa Í.Æ.

Austurvei
Háleitibraut 68
Pósthólf 8334
128 Reykjavík
Sími 588 14 80
Fax 588 14 81
isadopt@simnet.is
www.isadopt.is

Skrifstofutími

Mánudaga klukkan 12 - 16
Þriðjudaga til fimmtudaga
klukkan 10 -13.
Tímápananir eftir þörfum.

Stjórn og nefndir

Stjórn

Ágúst Guðmundsson
Finnur Oddsson
Guðbjörg Grímsdóttir
Hörður Svavarsson
Karl Steinar Valsson
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir
Vigdís Ósk Sveinsdóttir

og varamenn

Pálmi Finnbogason
Margrét Rósa Kristjánsdóttir
stjorn@isadopt.is

Skemmtinefnd

á höfuðborgarsvæðinu

Helga Gunnarsdóttir
Helga Karlsdóttir
Hrönn Traustadóttir
Hulda Þórisdóttir
Kristbjörg S. Richter
Linda Wessman
Pálína Gísladóttir
Ragnheiður Elín
Ragnarsdóttir
Sigríður Viðarsdóttir

og norðan heiða

Ingibjörg Magnúsdóttir
Birna Blöndal.

Pas nefnd

Birna Blöndal
Gerður Guðmundsdóttir
Ingibjörg M. Magnúsdóttir
Ólöf R. Ámundadóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Fjáröflunarnefnd

Hólmfríður Arnardóttir
Klara Geirsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir

Ritnefnd

Díana Sigurðardóttir
Jórunn Elíadóttir
Þórdís Ívarsdóttir

Tilgangur Íslenskrar ættleiðingar er:

- að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningsins um alþjóðlegar ættleiðingar
- að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna
- að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá
- að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra
- að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna
- að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu
- aðstoð við yfirgefin börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu en verða ekki ættleidd

"...að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna..."





Hagsmunir barnsins
eru að alast upp í
fjölskyldu



Hagsmunir barnsins Hagsáttmáli og hellingur af fólki

Eftir Hörð Svavarsson

Íslensk ættleiðing annast milligöngu um ættleiðingar erlendis frá og er eina félagið sem sinnt hefur því hlutverki undanfarna þrjá áratugi.

Ríki þau sem undirritað hafa Hagsamninginn, alþjóðlegan samning um ættleiðingar, gera sér ljóst að til að barn nái fullum þroska sem heilsteipt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning. Og þessi ríki gera sér ljóst að ættleiðing milli landa getur veitt barni, sem á ekki kost á hentugri fjölskyldu í upprunalandi sínu, fjölskyldu til frambúðar.

Þessi ríki eru sannfærð um nauðsyn þess að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt og þess vegna hafa þau lofað að ættleiðingar fari einungis fram ef fulltrúar ríkissins hafa komist að þeirri niðurstöðu að væntanlegir kjörforeldrar séu hæfir og til þess fallnir að ættleiða og það skal vera tryggt að þeir hafi fengið alla nauðsynlega ráðgjöf.

Þessa ráðgjöf hefur Íslensk ættleiðing veitt og sinnt því hlutverki árum saman langt umfram það sem krafist er af stjórnvöldum.

Ráðgjafahlutverkinu sinnir Íslensk ættleiðing með viðamiklu fræðslustarfi í formi námskeiða, funda, ráðstefnuhalds og með margháttaðri útgáfu.

Megnið af þessu fræðslustarfi er unnið í sjálfbodavinnu af félagsmönnum sem búa að margvíslegri og sérstakri þekkingu hver á sínu sviði. Þetta tímarit, sem nú er hleypt af stokkunum í nýjum búningi, er gott dæmi um þetta starf.





“Gott uppeldi miðar að því að efla tengsl og stuðla að góðum samskiptum, jákvæðri hegðun og góðri umgengni við menn, dýr og hluti”



Ó hve létt er þitt skóhljóð og hve lengi eg beið þín

Eftir Jórunni Elíadóttur

Hefur þú í huga að á meðan þú hefur haft vikur, mánuði, ár til að undirbúa þig og þína fyrir þá breytingu sem verður á lífinu við ættleiðingu barnsins þá hefur barnið þitt ekki fengið neinn tíma, engan undirbúning, enga aðlögun?

Barnið á sitt daglega líf í veröld sem það þekkir þar til einn dag að því er kippt í burtu inni í veröld sem er algjörlega framandi, þar sem fólk sem er svo allt öðruvísi en barnið á að venjast, fer að hugsa um það alla daga og allar nætur.

Lífið á barnaheimilum undirbýr barnið ekki undir fjölskyldulíf. Lífið á barnaheimilum hefur kennt barninu margt sem dugar þar, en ekki þegar tekist er á við lífið í faðmi fjölskyldu. Barnið þitt getur verið að koma heim á aldursbilinu sex mánaða til þriggja ára eða eldra. Það er þitt að kenna því að vera í fjölskyldu og eiga félagsleg samskipti.

Dvöl hjá fösturfjölskyldum er oft mjög ólík því lífi sem barnið á í vændum í nýrri fjölskyldu. Mörg börn hafa búið við gott atlæti, umhyggju og alúð en þó ekki öll. Mörg börn hafa búið við gott atlæti og ástúð en fengið uppeldi sem við vitum lítið hvernig fór fram. Foreldrar víta í raun alltaf mjög lítið um þann reynsluheim sem mótað hefur barnið fram að þeim tíma sem barnið er ættleitt.

Barnið á barnheimilinu og þegar heim er komið

Nokkrir punktar um eitt og annað sem einkennir líf barna á barnaheimilum. Margt af því sem hér kemur fram getur einnig átt við börn sem hafa verið í föstri, sérstaklega ef þau hafa líka dvalið til lengri tíma á barnaheimili.

Að gefa eftir / ráða yfir

Líf barna á barnaheimilum grundvallast á því að gefa eftir / ráða yfir. Þegar barnið er komið heim getur það vírst vera annaðhvort of ágengt, ýtið, stjórnsamt eða árásargjarn (mjög frekt) eða verið of mikið til baka og hlédrægt jafnvel daufgert. Barnið getur einnig sýnt mjög mismunandi hegðun við ólíkar athafnir og samskipti. Allt eftir því hvað það hefur lært á barnaheimilinu. Börn fara misjafnar leiðir að því að aðlagast oft erfiðum aðstæðum á barnaheimilum og því að vera í stórum barnahópi.

Að ná athygli

Lífið á barnaheimilum einkennist oft af því að ná athygli með góðu eða illu. Það að skapa t.d. hávaða þegar fara á að sofa eða sýna annað athyglisvekjandi atferli getur hvort heldur verið leið barnsins til að útiloka annan hávaða eða leið til að fá athygli frá öðrum börnum eða fullorðnum. Barnið getur því verið til að byrja með annað hvort mjög athafnasamt (vel virkt) eða aðgerðarlítið allt eftir því hvað það hefur lært á barnaheimilinu. Börnin eru almennt mjög dugleg til að byrja með við að ná sér í athygli og finna leiðir til að vekja athygli.

Að bjarga sér sjálft

Mörg börn á barnheimilum (og í föstri) læra snemma að axla ábyrgð og bjarga sér sjálf. Þau geta átt það til að vera mjög ábyrgðarfull gagnvart öðrum, oft stjórnsöm og ákveðin. Það getur því verið erfitt fyrir þannig barn að finna allt í einu að það þarf ekki að bjarga sér sjálft, það þarf ekki að bera ábyrgð á öðrum og hafa yfirsýn yfir aðstæður. Það er allt í einu einhver kominn sem hugsar um það og allar þess þarfir allar stundir.

Að takast á við breytingar

Líf barna á barnaheimilum er mjög rútínubundið og býr barnið á engan hátt undir það að takast á við breytingar. Allt sem gerist á barnaheimilum er skipulagt og því er stjórnað hvenær á að sofa, borða, fara á fætur, hafa ljósín kveikt / slökkt, fara á snyrtinguna, leika og fleira. Börnin læra því ekki eðlilega sjálfstjórn þar sem þau fá ekki tækifæri til að velja og hafna. Börnin eru almennt ekki undirbúin undir þessar breytingar og verða að taka því sem að höndum ber ein og óstudd. Þessi reynsla barnsins getur leitt af sér þörf fyrir að hafa stjórn á hlutunum og yfirsýn yfir aðstæður. Þetta er leið barnsins til að halda í öryggi í annars sundurleitri veröld, veröld sem þau treysta ekki fullkomlega. Stærsta breytingin er svo þegar barnið er ætteleitt einn góðan veðurdag. Það eru til börn sem eiga það til að verða mjög stjórnsöm eftir að þau eru nýkomin til foreldra sinna og einnig síðar þegar einhverjar breytingar eiga sér stað.

Að aðlagast nýrri upplifun

Líf barna á barnaheimilum einkennist af skynáreitum sem eru oftast mjög ólík þeim sem þau verða fyrir eftir ætteleiðingu. Sum börn eiga það til að verða mjög hrædd eða óörugg við óþekkt / ný skynhrif, s.s. hljóð, nýjan mat, liti, veðurfar og annað þegar þau eru komin heim. Börn

sem eru ætteleidd hvort heldur úr föstri eða af barnaheimili missa oftast allt sem þau hafa átt. Hafa ber í huga þau miklu umskipti sem verða í lífi barnsins við ætteleiðingu. Matur, lykt, hljóð, áferð, tungumál, andlit, húðlitur, allt er breytt og ekkert er lengur eins og það var og börnin þekktu. Æskilegt er að vera meðvitaður um skynáreiti og stilla þeim í hóf. Börn sem hafa átt lítið sem ekkert geta átt það til að vilja passa vel upp á allt sem þau fá, einnig að safna mat til að eiga síðar, eða þau taka ástföstri við einhverja hluti eða flíkur og geta ekki látið þá af hendi eða deilt með öðrum. Þetta er leið barnsins til að tryggja að það fái að halda því sem það á. Ekki fylla heimilið af leikföngum og tækjum. Barnið þarf tíma til að vinna úr því sem það er að upplifa hér og nú til að byrja með hvort heldur það tengist hlutum eða skynhrifum.

Að þroskast og dafna

Lífa barna á barnheimilum einkennist oft af einhæfum þroskamöguleikum og stundum vannæringu og afskiptaleysi. Gerðu ráð fyrir að barnið sé eitthvað á eftir í þroska. Talað er um að fyrir hverja þrjá mánuði á stofnun megi reikna að þroskinn hægist um einn mánuð. Þetta er þó ekki algilt. Gerðu einnig ráð fyrir að barnið sýni félagsleg og tilfinningaleg viðbrögð sem eru ekki aldursvarandi og eiga frekar við um yngri börn. Sum börn hætta að ganga tímabundið eftir að þau eru ætteleidd, eða fara að pissa á sig eða falla til baka í hegðun eða öðru í kjölfar þess áfalls sem þau verða fyrir þegar lífið breytist. Barnið nær sér fljótt á strik ef því er veitt umhyggja og tími til að vinna upp það sem á vantar. Börn ná fyrri færni og getu um leið og þau finna öryggi hjá foreldrum og á nýja heimilinu.

Að leita eftir tengslum

Lífið á barnaheimilum einkennist oft af mörgum umönnunaraðilum. Það að alast upp með fjölmörgum umsjónaraðilum / umönnunaraðilum getur leitt af sér gagnrýnislausan vingjarnleika. Þetta er þó ekki hið sama og tengslaröskun. Hér er átt við að barnið getur verið afar vinalegt við mann og annan og skiptir þá oft ekki máli hver á í hlut. Hugsun barnsins mætti líkja við ef þú er vinalegur við mig þá er ég vinalegur við þig og ég fæ þá kannski eitthvað hjá þér. Börnin hafa lært að 'kaupa' sér aðgang að fólki. Þau lesa í fólk og aðstæður og velja þann sem þeim finnst líklegastur til að þjóna þeim á þann hátt sem þau vilja. Margir foreldra þekkja þetta hjá börnum stuttu eftir að þau koma heim. Þetta er þó atferli sem á að ganga yfir á stuttum tíma eða um leið og barnið fer að tengjast foreldrum sínum og gera greinarmun á þeim sem hugsar um þau skilyrðislaust og þeim sem koma og skipta þau ekki máli nema sem félagskapur.

Að sofa og dreyma

Líf barna á barnaheimilum einkennist af því að börnin sofa mörg saman í herbergi, oft ein og afskipt. Svefn og svefvenjur barna á barnaheimilum og í föstri er eitthvað sem við vitum lítið um. Þekkt er að mörg börn eiga við einhvern svefnvanda að stríða tímabundið eða um langt skeið eftir ætteleiðingu. Óöryggi og vansæld getur komið



Lífið á barnaheimilum er mjög skipulagt. Skipulag gefur ákveðið öryggi og festu í tilveruna

fram í draumum og martröðum. Martraðir geta verið tíðar fyrstu vikurnar en fækkar oft fljótlega eftir að barninu fer að líða betur og tengsl við foreldra styrkjast. Martraðir geta þó komið aftur og einnig er barnið eldist og mikið er um að vera í lífi þess, en miklar breytingar eða annað geta valdið óróa, streitu og /eða kvíða. Erfiðleikar þegar fara á að sofa eru líka þekktir hjá börnum. Sum börn eiga það til að sofa mjög laust fyrstu mánuðina eftir að þau koma heim eða vera mjög óvær í svefni. Þau eru sífellt 'á vaktinni' hvort heldur er í svefni eða vöku til þess m.a. að tékka á foreldrunum, hvort þeir séu til staðar og hvort tilveran sé í alvörunni örugg og notaleg.

Að leita eftir öryggi

Lífið á barnaheimilum er mjög skipulagt. Skipulag gefur ákveðið öryggi og festu í tilveruna. Þegar heim er komið er þessi þáttur ennþá mikilvægur þó hann sé á öðrum forsendum. Dagleg rúttína gefur öryggi og minnkar þörfina fyrir að hafa yfirsýn yfir aðstæður. Óvæntar breytingar í lífi barnsins geta valdið óöryggi og streitu og það jafnvel lengi eftir að það er ættleitt. Mikill lausagangur í tilverunni (flakk með barnið út og suður, óreglulegir svefn- og matartímar og fleira) getur verið mjög truflandi fyrir barnið fyrstu mánuðina og komið fram í skapsveiflum og svefni. Einnig er mikilvægt að breytingar séu undirbúnar og að börn skilji hvað er í gangi, sérstaklega á þetta við um þau börn sem eru meira en eins og hálsárs við ættleiðingu. Smátt og smátt þarf að finna leiðir til að hjálpa barninu að ná sjálfstjórn og stjórna sjálft því sem er börnum eðlilegt að stjórna sem og ráða við breytingar í daglegu lífi. Allar athafnir og samskipti hins daglega lífs verða að byggja á skilyrðislausri umhyggju og mildi.

Umskiptin og hin nýja veröld

Umskiptin frá barnaheimili og fósturheimili eru erfið fyrir öll börn óháð aldri og þroska. Mjög misjafnt er þó hvernig börnin aðlagast þeim breytingum sem verða á lífi þeirra við ættleiðinguna. Það er mikilvægt að vel takist til og foreldrar gefi sér tíma til að vera með barninu sínu, vinna með tengslamyndun, hjálpi barninu að byggja upp traust á tilveruna og gleðjist fyrir því að eiga þetta langþráða barn.

- Barnið þitt þarf umhyggju og ástúð fyrst og fremst – það er grundvallarþörf allra barna.
- Barnið þitt þarf festu og skipulag í daglegu lífi – það gefur því öryggi og eflir tengslin.
- Barnið þitt þarf tíma eitt með foreldrum – tími skiptir máli þegar tengslin eru að eflast.
- Barnið þitt þarf gleði og skemmtilegar stundir – tengslamyndum byggir á jákvæðum upplifunum og jákvæðum samskiptum.
- Barnið þitt þarf staðfest öryggi í samskiptum við foreldra og umhverfi – þetta er barn sem þú þekkir ekki og hefur verið alið upp á þann hátt sem þú þekkir ekki – það er gott fyrir barnið að fá að vera lítið og hjálparþurfi óháð aldri þess, á þann hátt er gott að kynnast barninu.

Gott uppeldi miðar að því að efla tengsl og stuðla að góðum samskiptum, jákvæðri hegðun og góðri umgengni við menn, dýr og hluti. Hinn jákvæði agi er besta leiðin til að aga og ala upp börn. Agi sem byggir á hlýju, umhyggju og skilningi á þörfum barnsins. Barn er alltaf fyrst og fremst barn og foreldrar fyrst og fremst foreldrar.

Heimildir m.a. frá:

Hopkins-Best (1998) Toddler Adoption: The Weaver's Craft. Perspectives Pres
MacLeod og Macrae (rits) (2006) Adoption Parenting: Creating a Toolbox, Building Connections. EMK Press
Purvis, Cross og Sunshine (2007) The Connected Child: Bring hope and healing to your adoptive family. McGraw-Hill
Greinar og upplýsingar á vef www.rainbowkids.com (upplýsingavefur um ættleiðingar) og <http://www.med.umn.edu/peds/iac/topics/home.html> (International Adoption Medicine Program University of Minnesota).





Annáll Skemmtinefndar veturinn 2008 til 2009.

Framan af síðasta starfsári hélt skemmtinefndin uppteknum hætti og reyndi að hittast bæði úti og inni. Þegar stóra hrúnið varð drógum við að sjálfsögðu saman seglin og takmörkuðum innihittinga þar sem þeir eru dýrari en úti.

Við hittumst sex sinnum úti og gerðum margt skemmtilegt, fórum í sund, á skauta, í fjöruferð og fleira. Fjórum sinnum var hittst inni þar var málað á piparkökur af miklum móð, föndrað fyrir páskana, leirað og litað.

Svo héldum við heljar náttfataball og þar var mikið dansað. Að sjálfsögðu var jólaballið á sínum stað og var mannmargt eins og vera ber. Jólasveinarnir komu sáu og sigruðu, meðan foreldrarnir röðuð í sig kræsingum. Þann 14 júní var sumargrillið haldið á sínum hefðbundna stað í Furulundi í Heiðmörk. Þátttaka var góð í þokkalegu veðri.

Klara



Pegar á móti blæs eiga börn það besta skilið

Jórunn Elísdóttir tók saman

Pegar á móti blæs...

Finndu samúð með barninu þínu – mundu að barnið þitt á alltaf erfiðara en þú sjálf(ur).

Pegar á móti blæs...

Haltu þig við festu og skipulag, barnið þarfnast þess – þó þér finnist það erfitt og þreytandi, það skilar sér smátt og smátt með öruggara barni sem fer að líða betur og betur.

Pegar á móti blæs...

Vertu ákveðinn – ekki þvinga eða beita barnið hörku – mundu hve lítið þú þekkir barnið og hve lítið þú veist um reynslu þess áður en það var ættleitt.

Pegar á móti blæs...

Stíltu skap þitt og temdu reiði þína – barnið á ekki að þurfa að upplifa miklar skapsveiflur og reiði foreldra – mundu að barnið er að glíma við algerlega nýja tilveru, ekki þú. Þú veist hvað þú hefur upplifað á þinni ævi, en ekki hvað barnið hefur upplifað.

Pegar á móti blæs...

Notaðu húnorinn, glettni og gleði, það gengur allt betur þannig. Leiktu við barnið, lestu fyrir barnið,



Reyndu að finna hvað gleður barnið og hvaða leiðir eru auðveldastar þegar verið er að aga það. Leikur, söngur og sögur virka oft betur en skammir og þus við lítil börn.



leyfðu barninu líka að leika einu, leyfðu því að taka þátt í húsverkum og öðru sem gert er á heimilinu.

Pegar á móti blæs...

Reyndu að finna hvað gleður barnið og hvaða leiðir eru auðveldastar þegar verið er að aga barnið. Leikur, söngur og sögur virka oft betur en skammir og þus við lítil börn.

Pegar á móti blæs...

Minntu þig á aldur barnsins, þroska þess og getu – ekki ætla barninu of mikið, taktu mið af þroska og getu annarra barna og stillu væntingum um framfarir í hóf. Góðir hlutir gerast hægt.

Pegar á móti blæs...

Þegar allt er orðið of erfitt leitaðu eftir aðstoð og þiggðu aðstoð – þín leið þarf ekki að vera sú eina, sú rétta eða sú besta fyrir barnið – aðrar leiðir geta verið betri en oft er erfitt að sjá það þegar á móti blæs.

Pegar á móti blæs...

Örugg tengslamyndun á sér stað við jákvæð, uppbyggileg samskipti sem byggjast á takmarkalausri umhyggju og ást – ekkert getur komið í staðinn fyrir það.


Pegar á móti blæs...

Mundu að barnið þitt er fyrst og fremst lítið barn sem þarf það sama og öll önnur börn, bara oft í ríkari mæli og innan stífari ramma til að byrja með.

Börn eiga bara það besta skilið!

Skap

Stíltu skap þitt og temdu reiði þína – barnið á ekki að þurfa að upplifa miklar skapsveiflur og reiði foreldra



Smáræði um Nepal

Börn hafa verið ættleidd frá Nepal frá 1978. Árið 2007 var öllum ættleiðingum frá landinu hætt vegna spillingar. Stjórnvöld lögðu fram nýja reglugerð varðandi ættleiðingar í byrjun árs 2009 sem heimila að 10 börn séu ættleidd á ári í gegnum hverja ættleiðingarstofnun. Einhleypar konur geta ættleidd börn frá Nepal.

Örlítið um Kólumbíu

Kaffi er ein mikilvægasta útlutningsvara Kólumbíu. Talið er að það séu um 500.000 þúsund kaffibændur í landinu flestir smábændur. Mikil eftirspurn er eftir góðu kaffi og er samkeppnin mikil meðal bænda enda mikið í húfi. Gott kaffi selst betur.

Það tekur kaffiþöngu 3-4 ára að vaxa og blómstra og fyrsti ávöxturinn kemur um sex mánuðum síðar. Kaffiþöngur eru einstakar að því leiti að þær bera ávöxt og blómstra á sama tíma. Ávöxturinn er lítið ber sem fær á sig rauðan lit þegar hann er fullþroskaður. Hver ávöxtur inniheldur tvær kaffibaunir. Hver kaffiþanta framleiði um eitt pund (455 gr) af kaffi árlega. Hægt er að nota hverja þöngu í allt að 25 ár til kaffibaunaræktunnar (www.juanvaldez.com).

Molar um Indland

Divali er hátíð ljóssins og aðalhátið hindúa. Divali er haldin árlega í október eða nóvember og færst til á milli ára. Þessi hátíð hindúa er um



margt lík jólum kristinna manna þar sem þá er skipst á gjöfum. Mikið er um ljósaskreytingar og sérstakur hátíðarmatur er búinn til. Önnur stórhátíð er vorhátiðin Holi. Hluti þeirra hátíðahalda er að fólki makar þá litum hvert á annað. Í tilefni þeirrar hátíðar eiga menn að gera upp sakir, sættast og vera vinir. Að auki eru ýmsar smærri trúarhátíðir haldnar árið um kring (www.doktor.is).

Fróðleikur um börn heimsins

Árið 2004 voru yfir 143 milljón munaðarlaus og yfirgefin börn í heiminum. Þetta eru 8,4% af öllum börnum í heiminum (UNICEF). Tölurnar breytast lítið ár frá ári.

“Árið 2004 voru yfir 143 milljón munaðarlaus og yfirgefin börn í heiminum. Þetta eru 8,4% af öllum börnum í heiminum (UNICEF). Tölurnar breytast lítið ár frá ári”

Aðeins um Indland

Sagt er að það séu um 11 milljónir munaðarlausra og yfirgefinna barna á Indlandi. Mörg þessara barna búa á illa búnum barnaheimilum og eiga sér dapra og vonlitla framtíð. Einungis mjög fá af þessum börnum eru ættleidd til annarra landa. Sumar stofnanir hafa litla vöggju eða kassa þar sem fátækir foreldrar geta lagt nýfædd börnin sín í og þegar barn er komið í kassann þá hringir bjalla inni í stofnuninni. Einhver getur þá komið strax til að sinna barninu. Bjallan hringir oft í viku á mörgum stofnunum (Timesonline 2007)..



Á vefnum www.unicef.is er að finna áhugaverðar upplýsingar um starf UNICEF (barnahjálpi sameinuðu þjóðanna) á Íslandi og fræðsluefni um líf barna í öðrum löndum sem skólar eða einstaklingar geta nýtt sér

Mama Hao (Mandarin) Kínversk vögguvísa

Shi shang zhi you mama hao
You ma de hai zi xiang ge bao.
Tou jin mama de huai bao
Xin fu xiang bu liao.

Shi shang zhi you mama hao
Mei ma de hai zi xiang ge cao
Li kai mama de huai bao
Xin fu na li zhao

Íslenska (lausleg pýðing)

Mamma er alltaf sú besta í heimi
hjá mömmu hefur þú allan heimsins
auð
hjúfraðu þig að mömmu hjarta og
hamingja þín er takmarkalaus

Mamma er alltaf sú besta í heimi
án mömmu ertu sem strá í vindi
fjarri mömmu hjartanu
hvar finna þú hamingjuna

Hér má hlusta á lagið og önnur kínversk barnalög sungin af börnum:
<http://music.ibiblio.org/pub/multimedia/chinese-music/html/children.html>



Norðan heiða....

Dagskrá Norðurlandsdeildar ÍÆ veturinn 2008-2009 var með liflegum hætti eins og endra nær. Í september hittust börn og foreldra í Kjarnaskógi og áttu saman skemmtilega stund. Veður var einstaklega gott og dvöldu margir daglangt í skóginum og voru tregir til heimferðar.

Í október var svokallaður fjölskyldudagur í Glerárkirju og í nóvember hín hefðbundna skauta- og kaffihúsaferð sem alltaf er frekar vel mætt í og allir skemmta sér vel. Foreldrar mættu þó vera duglegri að skella sér á skautana en þeir vappa vanalega um og norpa kaldir á tönnum.

Jólafondrið var á sínum stað að vanda í desember og jólaballið einnig þann 27. desember. Hressir jólasveinar gáfu börnunum bækur og skemmtu sér allir vel við dans, góðar veitingar og ómissandi hlaup og skopp barnanna um salinn. Í febrúar var nýbreytni í starfinu en þá var búningadagur og hittust foreldrar með börnin sín í öskudagsbúningum. Boðið var upp á popp, djús og danstónlist í bland við hefðbundið kaffi fyrir fullorðna á meðan snjóaði úti eins og svo oft í vetur.

Önnur nýjung var keila en í keiluna mætti vaskur hópur einn laugardag í mars og mæltist vel fyrir að hafa slíkan dag. Með þessu var verið að reyna að höfða til eldri barnanna en þeim yngri fannst þetta líka mjög skemmtilegt. Með vorinu var svo árleg sundferð á dagskrá með ís í Vín í lokin. Þetta var á nokkuð köldum degi og var frekar fámennnt en góðmennt þó. Grillið var á sínum stað í byrjun júní og var ágætlega mætt í Kjarnaskóg. Yngri kynslóðin sullað í vatni og læk og ánægja þeirra af útiverunni var mikil þótt sólin hafi ekki látið sjá sig.

Skemmtinefndin, sem lætur nú af störfum, þakkar foreldrum og börnum ánægjulega samveru og góða þátttöku í viðburðum vetrarins og hlökkum við til að hitta ykkur á vetri komandi. Birna og Inga Magga taka aftur við starfinu í haust.

Helga H og Jörunn



Rannsókn á börnum ættleiddum frá Kína - ert þú búinn að svara?

Pekkingarsköpun

Rannsókn um börn ættleidd frá Kína hefur verið í gangi undanfarnar vikur. Rannsókninni stýrir Dr. Jórunn Elísdóttir dósent við Háskólann á Akureyri sem einnig er móðir fimm ára telpu frá Kína.

Rannsóknin miðar að því að auka þekkingu um ættleidd börn og málefni er varðar þennan hóp barna. Foreldra barna frá Kína hafa fengið sendan póst með slóð á könnunina en stjórn Íslenskrar ættleiðingar gaf leyfi fyrir því að netfangalisti félagsins væri notaður í þessa rannsókn. Þátttaka hefur verið góð en þeir sem enn hafa ekki svarað hafa möguleika á að gera það á næstu vikum.

Mjög mikilvægt er að rannsóknir er varðar ættleidd börn séu framkvæmdar hér á landi til þess að efla skilning og þekkingu er varðar ættleidd börn og fjölskyldur þeirra. Í rannsókninni er m.a. verið að skoða áhuga fólks á tengslum við upprunalandið, hversu mikið foreldrar vita um fortíð barna sinna og hvort þetta sé í raun mikilvægur þáttur í tilveru barnanna. Einnig er verið að leita svara við ýmsu er varðar heilsufar og líðan barnanna, upplifanir foreldra af þörfinni á ráðgjöf

og fræðslu svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknin er styrkt af Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar hér í tímariti Í.Æ sem og á félagsfundum og víðar. Leitast verður við að tengja niðurstöðurnar við alþjóðlegar rannsóknir um ættleidd börn sem og fróðleik sem tengist málefnum er varða Kína og kínverska menningu. Þó rannsóknin beinist að börnum ættleiddum frá Kína þá má


ætla margt af því sem viðkemur þessum börnum sé sameiginlegt börnum ættleiddum frá öðrum löndum.

Þeir foreldrar sem ekki hafa svarað könnuninni eru hér með hvattir til að gera það því öflug þátttaka gefur sterkari og betri mynd af því sem verið er að leita svara við. Rannsakandi þakkar hér með öllum þeim sem þegar hafa tekið þátt í könnuninni.

Bútur um Kína

Kínverska hefur að geyma mjög mörg orð yfir tilfinningar og hugtök tengdum þeim. Ritmálið er einnig auðugt af táknum yfir tilfinningar. Stór hluti af táknum yfir orð sem lýsa tilfinningum og huganum hafa táknið

hjarta (*xin*) sem hluta af táknmyndinni. Kínverjar hafa þá trú að það að viðhalda jafnvægi sálar og líkama sé lykillinn að löngu og farsælu lífi. Því er ekki æskilegt að tjá tilfinningar um of en gæta stillingar í samskipum með því að sýna gagnkvæma virðingu, hafa stjórn á tilfinningum og komast hjá ágreiningi.



Bæklingur um Nepal

Út er kominn hjá Íslenskri ættleiðingu bæklingur um Nepal og ættleiðingar þaðan. Hægt er að sækja bæklinginn á vef félagsins.

Hjarta

心

Reiði

愤怒

Líkami, hugur, sál

身心灵

Góðvild

仁慈

Trúnaður / sjálfstraust

信心

ÞÍÐUR

Nokkrar myndir frá Útilegu Í.Æ. 17. - 19. júlí 2009





